

# **Reglur um STARFSLAUN bæjarlistamanns í Vestmannaeyjum**

Vestmannaeyjabær úthlutar starfslaunum til listamanna í Vestmannaeyjum samkvæmt eftirfarandi reglum:

## **1. gr.**

Bæjarstjórn Vestmannaeyja tekur ákvörðun um að úthluta starfslaunum til bæjarlistamanns við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ár hvert. Menningar- og tómstundaráð Vestmannaeyjabæjar (MTV) velur listamennina, sem starfslaun hljóta hverju sinni.

## **2. gr.**

Ákveði bæjarstjórn að úthluta starfslaunum, gilda eftirfarandi reglur:

- Starfslaun geta verið föst greiðsla samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar og fjárhagsáætlun, eða sex mánaða laun og skal fjárhæð þeirra þá fylgja launaflokki 79, þrepi 4 í kjarasamningi STAVEY og Vestmannaeyjabæjar. Heimilt er að skipta fjárhæðinni, þó ekki milli fleiri en tveggja listamanna. Starfslaun eru greidd án orlofsgreiðslu eða annarra launatengdra gjalda. 70% starfslauna skulu greidd að lokinni útnefningu listamanns en 30% við lok tímabils þegar listamaður hefur gert grein fyrir starfi sínu.
- Sækja skal um starfslaunin til MTV. Að jafnaði koma þeir einir til greina sem bæjarlistamenn sem búsettir eru í Vestmannaeyjum.
- Listamaður skal í umsókn sinni til MTV gera grein fyrir því sem hann hyggst vinna að. Hann skal einnig gera grein fyrir því hvenær hann ætli að vinna að verkum sínum.
- Auglýst er í marsmánuði eftir umsóknum um starfslaun, með umsóknarfresti skv. auglýsingu í bæjarblöðum. MTV velur úr framkomnum umsóknum og úthlutar á sumardaginn fyrsta, að fenginni staðfestingu bæjarstjórnar. Viðkomandi hlýtur titilinn „Bæjarlistamaður Vestmannaeyja“ fyrir úthlutunarárið. MTV getur einnig tilnefnt einstaklinga/hópa til starfslauna. Engan má þó tilnefna án samþykkis hans sjálfs.

## **3. gr.**

Að loknu starfstímabili skal bæjarlistamaðurinn gera grein fyrir starfi sínu með greinargerð til MTV, sýningu, flutningi eða upplestri á verki í frumflutningi eða frumbirtingu, allt eftir nánara samkomulagi við MTV hverju sinni. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri greiðslu til listamanns fyrir flutning eða sýningu verks skv. framangreindu en listamaður heldur höfundarrétti sínum óskertum.

## **4. gr.**

Reglur þessar tóku gildi við samþykkt þeirra í bæjarstjórn, 2. desember 2004.